

Árs- og samfélagsskýrsla samkvæmt GRI staðlinum

Úr fundargerð bæjarráðs:

2104042 - Tillaga bjarfulltrúa Theódóru S. Þorsteinsdóttur um að vinna og birta samfélagsskýrslu samhliða ársreikningi

Tillaga bjarfulltrúa Theódóru S. Þorsteinsdóttur um að Kópavogsbær láti vinna árs- og samfélagsskýrslu og birti með stafrænum og aðgengilegum hætti á heimasíðu Kópavogsbæjar. Jafnframt að skoða kosti þess að nota GRI staðal til þess að halda utan um efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif Kópavogsbæjar við gerð samfélagsskýrslunnar.

Bæjarráð vísar málinu til umsagnar sviðsstjóra stjórnsýslusviðs og sviðsstjóra fjármálasviðs.

Af hverju ætti Kópavogur að birta samfélagsskýrslu í samræmi við GRI staðla?

Kópavogur hefur unnið gott starf á seinustu árum við að innleiða sjálfbærni í starfsemi sveitarfélagsins með innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

- **Starf Markaðsstofu Kópavogs:** Í samvinnu við Markaðsstofu Kópavogs eru fyrirtæki í sveitarfélaginu hvött til að staðfesta viljayfirlýsingu um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.
- **Innleiðing á ISO 37120:** ISO 37120 eða sjálfbærnistaðallinn, er lífskjara- og þjónustustaðall sem inniheldur 104 mælikvarða í 19 þáttum. Kópavogur hefur tvö ár í röð hlotið platínu vottun á staðlinum, sem er hæsta mögulega vottunarstig.
- **Heimsmarkmiðavísitala Kópavogs:** Nýsköpunarverkefni sem ætlað er að gefa sýn á stöðu innleiðingar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem lið í innleiðingu heildarstefnu Kópavogsbæjar. Heimsmarkmiðin mynda jafnvægi á milli þriggja stöða sjálfbærra þróunar; hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Markmið vísitölunnar er að mæla þróun á stöðu innleiðingar fyrir hvert og eitt yfirmarkmið bjarstjórnar Kópavogsbæjar.

- **Önnur verkefni:** Salaskóli innleiddi Heimsmarkmiðin í skólanámsskrá sína árið 2019 en leik- og grunnskólar hafa verið í fararbroddi með því að kynna Heimsmarkmiðin fyrir nemendum sínum og flétta þau inn í sitt starf. Þá hafa Menningarhúsin í Kópavogi haft frumkvæði að alþjóðlegu samstarfsverkefni, Vatnsdropanum, þar sem meginstefið er að tengja saman boðskap og gildi Heimsmarkmiðanna við sígild skáldverk norrænna barnabókahöfundar. Síðan má nefna það að Skólahljómsveit Kópavogs hélt sérstaka tónleika þar sem þemað var Heimsmarkmiðin og Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. Loks hafa Heimsmarkmiðin verið höfð í fyrirrúmi í endurskoðun Aðalskipulags Kópavogs 2019-2031+.

Þessi verkefni og fleiri hefur Kópavogur ráðist í á seinustu árum til að stuðla að sjálfbærri þróun í sveitarfélaginu. Það væri tilvalið að skoða hvort vilji sé fyrir því að birta upplýsingar um þessi verkefni og aðra starfsemi Kópavogsbæjar í árs- og samfélagsskýrslu á faglegan og skipulegan máta t.d. í samræmi við GRI staðla (e. Global Reporting Initiative), nánar er fjallað um staðlana hér á eftir. Tilgangurinn með svona skýrslu væri ekki að safna nýjum upplýsingum um Kópavog, heldur að setja fram það sem Kópavogur gerir nú þegar.

Ekkert sveitarfélag á Íslandi hefur birt árs- eða samfélagsskýrslu. Íslensk fyrirtæki hafa hins vegar á seinustu árum mörg hver birt samfélagsskýrslur sem margar eru staðlaðar. Þeir staðlar sem virðast vera algengastir við skýrslugerð íslenskra fyrirtækja eru GRI staðlarnir og UFS leiðbeiningar Nasdaq (e. Umhverfi, Félagslegir þættir og Stjórnarhættir). GRI og UFS eru fyrst og fremst fyrir fyrirtæki, en fordæmi eru fyrir því að GRI staðlarnir séu notaðir af sveitarfélögum. Dæmi um ársskýrslu sem byggð er á viðmiðum GRI er sjálfbærni- og samfélagsskýrsla Veritas Capital ehf. árið 2020. Hægt er að nálgast skýrsluna á heimasíðu Veritas, www.veritas.is.

Borgir og sveitarfélög hafa efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif sem mikilvægt er að fylgjast með á skipulagðan hátt. GRI staðlarnir veita borgum aðferð til að hægt sé að fylgjast með þrem stöðum sjálfbærni; hina efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Nauðsynlegt er að fylgjast með öllum þrem stöðunum til þess að mæla þróun sveitarfélags í átt að sjálfbærri þróun. Samkvæmt GRI stöðlunum þá geta stofnanir síðan valið eftir mikilvægi

hvaða upplýsingum þær greina frá undir hverri stoð. Það er mikilvægt að ákvarðanataka í sambandi við hvaða mælingar verði fyrir valinu sé gegnsæ.

GRI staðlarnir:

GRI eru alþjóðlega viðurkenndir staðlar um miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð og eru notaðir í yfir 100 löndum. 80% af 250 stærstu fyrirtækjum heims nota GRI og vinningshafar Samfélagsskýrslu ársins á Íslandi 2018 og 2019 byggðu skýrslur sínar á GRI.


GRI eru almennt taldir víðtækustu og nákvæmustu staðlarnir til að halda utan um efnahagsleg, umhverfisleg og félagsleg áhrif fyrirtækja og stofnana.

GRI skýrslur geta verið annað hvort „Core“ eða „Comprehensive“. Sé unnið að „Core“ skýrslu er verið að vinna með færri staðla og skýrslan ekki jafn umfangsmikil og þegar unnið er með „Comprehensive“.¹

GRI sjálfbærni staðlarnir eru hannaðir sem tól fyrir stofnanir til að gera grein fyrir áhrifum sínum á efnahaginn, umhverfið og samfélagið. GRI staðlarnir eru samofnir staðlar sem tengjast innbyrðis. Þeir hafa fyrst og fremst verið þróaðir til þess að hjálpa stofnunum að undirbúa og setja fram sjálfbærnisráðgjöf. Að vinna samfélagsskýrslu í samræmi við GRI staðla sýnir fram á það að skýrslan veiti heildstæða mynd af starfsemi stofnunnar.

Core: Þessi valkostur gefur til kynna að skýrsla innihaldi lágmarksupplýsingar sem þarf til að skilja eðli stofnunar, viðfangsefni hennar, áhrif og stjórnun.

Comprehensive: Þessi valkostur er ítarleg viðbót við kröfur Core þar sem krafist er frekari



¹ Leiðarvísir Festu um sjálfbærni

upplýsinga um stefnu, siðareglur, heiðarleika og stjórnun stofnunar. Að auki þarf stofnun að safna og kynna ítarlega upplýsingar um allar undirstoðir GRI staðalsins.

Það hefur ekki áhrif á gæði skýrslunnar að velja annaðhvort Core eða Comprehensive. Valkostirnir spegla aðeins hversu stór hluti GRI staðalsins hefur verið notaður við skýrslu gerðina. Miðað við það hvernig fyrirtæki á Íslandi hafa notfært sér staðalinn þá væri Core valmöguleikinn ákjósanlegur kostur fyrir Kópavog. Ef notast er við hann þá þarf stofnun að uppfylla ákveðnar grunnkröfur GRI staðalsins, en síðan mætti bæta því við sem stofnun líkt og Kópavogur hefði áhuga á að kynna í slíkri skýrslu. Samfélagsskýrsla Veritas uppfyllir t.d. aðeins Core valkostinn en er samt sem áður yfirgripsmikil. Skýrslur sem byggðar eru á GRI stöðlunum eiga ekki einungis að sýna hvar stofnun stendur sig vel, heldur einnig hvar í frammistöðu og áhrifum stofnunar áskoranir gætu leynst.

GRI staðlarnir hafa aðeins verið notaðir af fyrirtækjum hérlandis. Mögulega þyrfti að aðlagja hluta þeirra að sveitarfélagi. Það ætti ekki að reynast flókið, sérstaklega þar sem dæmi eru um erlendar borgir sem hafa nýtt sér staðlana við ársskýrslugerð. Má nefna Chicago, Atlanta, Melbourne, Dublin og Varsjá sem allar hafa gefið út ársskýrslur sem byggðar eru á GRI stöðlunum.

Eins og kom fram hér að ofan þá hefur Kópavogur þegar hafið mikla vinnu í sambandi við sjálfbæra þróun. Verkefni eins og samvinnuverkefni Kópavogsbæjar og Markaðsstofu Kópavogs, innleiðing ISO 37120 staðalsins og Heimsmarkmiðavísitala Kópavogs eru öll stór skref í bæði því að nálgast og fylgjast með sjálfbærni Kópavogsbæjar. Mikilvægt er að nýta, og byggja á þessari vinnu sem Kópavogur hefur nú þegar ráðist í ef gerð verður árs- og samfélagsskýrslu.

Tekið saman 14.5.2021

Pétur Illugi Einarsson